

150. löggjafarþing 2019–2020.  
Þingskjal 1094 — 643. mál.

Umsögn um  
tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um  
forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni,  
ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025.  
Umsögn send til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Umsögn:

Tillagan hefst á orðunum: „*Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að koma á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.*“

Síst af öllu myndi undirritaður vilja vera talinn andstæðingur þessa mikilvæga máls. Hins vegar langar mig, sem skólameistara þess skóla sem leiddi verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli þegar það hófst 2009/2010, undir verndarvæng þáverandi menntamálaráðherra, að beina athyglinni að kafla D um forvarnir í framhaldsskólum.

D1. Hér er talað um að virkja net tengiliða Heilsueflandi framhaldsskóla, sem er frábært. Við mætti bæta hugtakinu forvarnafulltrúar, sem hafa oftast með áfengis- og fíkniefnaforvarnir að gera en mættu vel tengjast þessu verkefni.

D2 Hér finnst undirrituðum svolítið eins og orðfærið gefi í skyn að það sé mat þeirra sem semja þessa annars ágætu tillögu að hér sé um frumkvöðulsverkefni að ræða.

Margir skólar hafa unnið mikið í þessum málum. Í Borgarholtsskóla hófst á sinni tíð kennsla í kynjafræði, sem allir þurfa að ljúka áður en þeir útskrifast. Í Flensborg er slíkur áfangi skylda eða val eftir brautum, auk þess sem það hefur nánast verið árvísið að þessi mál séu tekin fyrir á vettvangi starfsfólks, nemenda og/eða forráðamanna.

Á vefnum **heilsueflandi.is** eru gátlistar sem taka m.a. á því hvað verið er að gera í hverjum skóla. Þannig myndi það vera tillaga mín að þessi kafli *innifeli setningu um að safnað verði upplýsingum um stöðu mála*. Ég hygg að flestir skólar séu með eitthvert starf í gangi, allt frá frekar frumstæðu yfir í mjög markvisst.

D3 Þessum lið fagna ég. Við þurfum að vanda þetta mál vel.

Þegar talað er um það sem snýr að kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi þá má ekkert gefa eftir.

Ég fagna því sérstaklega að rætt er um ólíkar aðstæður „*kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra, hinsegin fólks og þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku.*“

Þessi setning hins vegar leiðir til þess að það er mat mitt að liðurinn D4 eigi að falla inn í lið D3 og D5 jafnvel líka enda er **framhaldsskólinn fyrir alla**. Ef námsefnið á að henta nemendum á öllum aldri og þeim hópum sem eru dregnir fram í fyrrgreindri setningu í lið D3 þá á liður D4 að falla inn í lið D3.

Ég legg því til að Allsherjar- og menntamálanefnd kalli til sín fulltrúa Embættis landlæknis og Skólameistara og fái kynningu og yfirsýn á verkefninu heilsueflandi.is og verkefni Flensborgar um menntun til farsældar.

Að öðru leiti fagna ég þessu mikið og innilega.

Hafnarfirði 28. apríl 2020.  
Magnús Þorkelsson,  
Skólameistari Flensborgarskólans.